

BORGARRÁÐ 2. apríl 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Miðflokksins og Flokks fólksins um frestun dráttarvaxta og innheimtukostnaðar vegna greiðslufalls fasteignagjalda - R20040012

Flokkur fólksins og Miðflokkurinn leggja til að ekki verði reiknaðir dráttarvextir eða annar aukalegur innheimtukostnaður vegna greiðslufalls fasteignagjalda mars með eindaga 1 apríl. Ljóst er að margir rekstraraðilar, sérstaklega í miðbænum, þar sem meðal annars er mikið af veitingastöðum, kaffihúsum og gististöðum hafa orðið illa úti í því samgöngubanni og fækkun ferðamanna vegna Covid 19 veirunnar. Auk þess hefur greiðslukeðjan rofnað þar sem greiðslu til rekstraraðila hafa ekki borist frá greiðslumiðlunarfyrtækjum. Þess vegna er því beint til borgaryfirvalda að reikna ekki dráttarvexti eða annan innheimtukostnað vegna greiðslufalls fasteignagjalda mars 2020 með eindaga 1 apríl. Nú hefur samgöngubannið verið framlengt og víst að margir munu berjast í bökkum meira en nokkru sinni. Flestir rekstraraðilar eiga í vandræðum núna. Þeir leita eftir þeim lausnum sem ríkisstjórnin hefur boðið upp á í samstarfi við sinn viðskiptabanka. Úrræði Reykjavíkurborgar um að létta af rekstraraðilum fasteignagjöldum frá og með gjalddaga í apríl nýtist ekki eins vel og halda mætti því greiðslufallið er staðreynd. Flokkur fólksins og Miðflokkurinn beina því til Reykjavíkurborgar að ekki verði reiknaðir dráttarvextir eða innheimtukostnaður vegna fasteignagjalda er gjaldfalla frá og með gjalddaga mars 2020 með eindaga 1. apríl 2020.